

Hverfisráð Hríseyjar

129. fundur

Föstudaginn 30. ágúst 2019 kl 20:00 var haldinn 129. fundur hverfisráðs í Hlein.

Mætt voru: Hermann Jón Erlingsson, Claudia Werdecker og Friðrik Úlfar Ingimarsson. Claudia stýrði fundi í forföllum formanns.

Friðrik Úlfar Ingimarsson mætti í forföllum Ólafs Búa Ólafssonar

Dagskrá:

1. Samfélagsleg mál

Samfélagsleg mál rædd og ákveðið að senda erindi til fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar.

2. Framkvæmdafé 2019 - grillhús á svæðinu

Hermann upplýsti hverfisráð um stöðu vegna notkunar á framkvæmdafé 2019. Grillhús verður smíðað í haust 2019, og mun Hermann ræða við faglærðan smið vegna efnispantana. Íbúar Hríseyjar smíða grillhúsið saman, grillað verður á meðan. Ef fé skyldi vera til eftir smíði grillhússins, verður keypt hjólabraut.

3. Önnur mál

Fjöldi kvartana hefur borist vegna skiltana sem rekstraraðili annars veitingastaðar í Hrísey setur upp á bæjarlandi án leyfis. Ákveðið að senda erindi til viðkomandi sviðs Akureyrarbæjar. Auk þess voru ræddar framkvæmdir vegna fyrirhugaðs vegriðs við Hjallaveg,

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:00.

Hermann Jón Erlingsson
Claudia Werdecker
Friðrik Úlfar Ingimarsson

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker